

Námsáætlun

Enska 8. bekkur 2021-2022

Almennt / Verklag

Nemendur eru í greininni 2 klukkustundir á viku. Breytingar geti orðið á áætluninni sem við tilkynnum eins fljótt og auðið er.

Námsefni og námsmat

Námsefni:

- Námsefni verður nemendum aðgengilegt á Google Classroom
- Heimasíða - www.readtheory.org
- Verkefni, kannanir, ástundun og lykilhæfni

Lykilhæfni snertir allt almennt nám og allar námsgreinar þar á meðal námsmat í ensku. Þannig geta t.d. vönduð vinnubrögð, góð samvinna í hópastarfi og frumkvæði haft áhrif á námsmat nemenda. Hæfniviðmið fyrir lykilhæfni skiptast í fimm flokka:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

Yfirferð

Tímabil	Náms- / viðfangsefni	Námsmat	Hæfniviðmið
Haust	<p>Lesskilningur:</p> <p>Nemendur vinna fjölbreytt lesskilningsverkefni á heimasíðunni www.readtheory.org</p> <p>Nemendur lesa smásögur</p>	<p>Frammistaða nemenda í readtheory notuð til grundvallar á mati í lesskilningi</p> <p>Verkefni sem nemendur vinna í tímum verða metin</p>	<p>Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.</p> <p>Lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi.</p>

Yfirferð - Framhald

Tímabil	Náms- / viðfangsefni	Námsmat	Hæfniviðmið
Haust	<p>Samskipti</p> <p>Speedfriending - æfing þar sem nemendur spjalla saman á ensku um fyrirfram ákveðið efni.</p> <p>Hlaðvarp - nemendur skipuleggja og taka upp hlaðvarpsþátt.</p> <p>Ýmis verkefni unnin í tíma.</p>	<p>Frammistaða í tímum</p> <p>Verkefni verður metið.</p>	<p>Tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í.</p>
Haust	<p>Frásögn</p> <p>Nemendur flytja kynningar í litlum hópum. Lagt er upp með sjálfs- og jafningjamat svo nemendur átti sig á þeim þáttum sem mikilvægt er að hafa í huga í kynningum.</p> <p>Nemendur vinna í hópum að því að undirbúa kynningu og flytja svo saman fyrir bekkinn.</p>	<p>Sjálfsmat</p> <p>Kynning verður metin.</p>	<p>Tjáð sig áheyrilega, beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni hvað varðar málnotkun, framburð, áherslur, hrynjandi og orðaval.</p> <p>Tjáð sig skipulega með undirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum.</p>
Haust	<p>Ritun</p> <p>Nemendur skrifa stuttan texta um sumarið</p> <p>Upplestraræfingar í tímum.</p> <p>Nemendur skrifa smásögu. Farið verður í atriði sem gott er að hafa í huga við skapandi skrif.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Lýsandi orðaforði - Sögusvið - sögupersónur <p>Almenn atriði í ritun:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Skipting í efnisgreinar - Rétt notkun greinarmerkja - Málfar 	<p>Textinn verður metinn.</p> <p>Sagan verður metin.</p>	<p>Fylgir hefðum varðandi uppbyggingu texta.</p> <p>Fylgir meginreglum málnotkunar.</p> <p>Tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.</p> <p>Leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflíð njóta sín.</p>

	<p>Hlustun Ýmis verkefni í tímum.</p>	<p>Próf í hlustun</p>	<p>Tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt.</p> <p>Án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr.</p>
	<p>Námstækni -Að temja sér góða námstækni frá upphafi skólaárs er mikilvægt og getur skipt sköpum í námi.</p>		<p>Að nemandi geti: -Unnið sjálfstætt, sýnt frumkvæði. -Unnið með öðrum, tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja. -Beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf. -Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.</p>

Birt með fyrirvara um breytingar.